

Sökum margvíslegra embættisanna hefir dómur í máli þessu ekki orðið uppkveðinn fyrr en nú.

Mánudaginn 22. febrúar 1937.

Nr. 107/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Karli Guðmundssyni

(Lárus Jóhannesson)

og Guðmundi Skúla Björnssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Tveir menn kærðir fyrir ólöglega áfengissölu.

Annar dæmdur til refsingar, en hinn sýknaður.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. maí 1936: Kærður Karl Guðmundsson greiði 400 króna sekt til menningar-sjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður Guðmundur Skúli Björnsson greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður Karl greiði í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar, hrm., 35 kr. Kærður Guðm. Skúli Björnsson greiði til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar, hrm., í málsvarnarlaun 35 kr. Annar kostnaður sakarinnar greiðist af kærðum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það upplýst, að á páskadagskvöld 12. apríl 1936, hringdi maður að nafni Gústaf Kristjánsson í síma til kærða Karls Guðmundssonar á Bæjarbílstöðina, og bað hann um að senda sér eina flösku af „brandy“. Hefir kærður viðurkennt að hafa orðið við beiðni þessari og útvegað og sent

nefndum Gústaf eina flösku af brennivíni, og greiddi Gústaf kærða síðar andvirði flöskunnar með 7 krónum. Hefir kærði Karl við rannsókn málsins ekki getað gert eða viljað gera neina grein fyrir því, hvernig eða hvar hann hafi útvegað flösku þessa. Vitnaframburðir þeir, sem fram eru komnir í máli þessu og varða kærða Karl, gera það og mjög sennilegt, að hann hafi sjálfur fengizt við áfengissölu á Bæjarbílstöðinni, þótt ekki sé nægilega sannað um neina einstaka aðra sölu af hans hálfu en þá, sem að framan greinir til Gústafs Kristjánssonar. Brot kærða Karls, sem nú var lýst, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaganna, nr. 33/1935. Þykir og refsing fyrir brotið hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðmundur Skúli hefir staðfastlega neitað því, að hann hafi selt nokkrum manni áfengi. Hefir aðeins eitt vitni, Sverrir Briem, borið það, að kærði Guðmundur hafi selt því áfengi, en hvorttveggja er, að þar er aðeins um framburð eins vitnis að ræða, og að skýrsla þess um aðalatriði málsins, hvar og hvenær kaup þessi hafi gerzt, er mjög óákveðin. Gegn neitun kærða Guðmundar er því ekki sannað í máli þessu, að hann hafi gerzt sekur um brot á ákvæðum áfengislaganna. Ber því að sýkna hann af kærú valdstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að greiða úr ríkissjóði kostnað við gæzluvarðhald kærða Guðmundar Skúla og málsvarnarlaun talsmanns hans í héraði, 35 kr., og verjanda hans fyrir hæstarétti, 100 kr.

Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti ber kærða Karli að greiða, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, kr. 35, og málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, kr. 150 og skipaðs verjanda síns fyrir sama rétti, kr. 100.

Við rannsókn máls þessa er það aðfinnsluvert, að ekki verður séð, að nægileg gangskör hafi verið að því gerð, að ná í og leiða sem vitni ýmsa þá menn, sem ætla má, að hafi pantað áfengi frá Bæjarbilstöðinni í símtali, eða beðið afgreiðslumann hennar eða bifreiðastjóra á þann hátt að útvega áfengi, eftir skýrslu manna þeirra, sem hlustuðu á símtöl við nefnda stöð, að þeir Stefán Gíslason og Benedikt Sveinsson, sem vottorð hafa gefið í málinu, hafa ekki verið leiddir sem vitni og mátti þó ráða af vottorðinu, að skýrsla þeirra fyrir rétti gæti haft veruleg áhrif á úrslit málsins að því, er varðaði kærana á hendur Guðmundi Skúla, að sakborningar voru ekki samprófaðir við menn þá, er hlustuðu á símtölin við Bæjarbilstöðina, er um ræðir í málinu, þrátt fyrir véfengingu sakborninga á því, að sum símtölin hafi átt sér stað og að svör þeirra í öðrum símtölum væru rétt eftir höfð, og loks að engin vitni, sem leidd hafa verið í málinu, hafa verið eiðfest, að undanteknu vitninu Sverri Briem, og voru framburðirnir þó að mestu leyti véfengdir af hinum kærðu, og þó einkum skýrslur manna þeirra, sem á símtölin hlustuðu. Sést ekki, að síðastnefndir menn hafi verið kvaddir fyrir rétt sem vitni fyrr en eftir að rannsókn máls þessa var lokið í lögregluréttinum og sakborningum hafði verið tilkynnt málshöfðun. Er þá bókað, að þeir staðfesti skýrslu um símtölin, en ekki eru þeir

eiðfestir og ekki eru sakborningar kvaddir til þess að hlýða á þessa staðfestingu vitnanna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Guðmundur Skúli Björnsson á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Karl Guðmundsson greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 20 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kostnaður við gæzluvarðhald kærða Guðmundar Skúla Björnssonar og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, samtals kr. 135.00, greiðist úr rikissjóði.

Kærði Karl Guðmundsson greiði allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Lárusar Jóhannessonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 35.00, málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 150.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

I.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Guðmundssyni, afgreiðslumanni, til heimilis Laugavegi 44 hér í bæ, og Guðmundi Skúla Björnssyni, til heimilis Leifsgötu 28 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærðir hafa fyrr sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér í lögsagnarumdæminu:

Karl Guðmundsson:

- 1926 $\frac{3}{8}$ Kærður fyrir brot gegn reglugerð frá $2\frac{3}{8}$ 1926 um útvarp 12. gr. Kæran var afturkölluð.
 1932 $1\frac{1}{4}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
 1932 $2\frac{6}{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1932 $1\frac{2}{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
 1933 $1\frac{9}{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
 1935 $\frac{2}{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
 1935 $1\frac{3}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Guðm. Skúli Björnsson:

- 1930 $2\frac{7}{8}$ Sætt 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
 1930 $1\frac{2}{11}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
 1930 $1\frac{7}{11}$ Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.
 1931 $2\frac{1}{4}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
 1931 $\frac{3}{8}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
 1932 $\frac{2}{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir samskonar brot.
 1934 $2\frac{7}{8}$ Sætt 500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
 1935 $\frac{4}{5}$ Aðvörun fyrir brot gegn umferðarreglum.

Með dómsúrskurði, uppkveðnum 8. f. m., var ákveðið að hlusta skyldi á símasamtöl, er fram færu við símanúmer Bæjarbilstöðvarinnar, en lögreglan hafði áður fengið rökstuddan grun um, að áfengi væri selt frá stöðinni og var gjört orð á því, að það væri sérstaklega pantað í gegnum símann. Trúnaðarmenn lögreglunnar hlustuðu síðan símann næstu daga á eftir og tóku upp fjölda samtala snertandi áfengissölu, er átt hafa verið bæði við nafngreinda menn á bifreiðastöðinni og eins þann, er það og það skiptið ansaði í símann án þess að tilgreina nafn sitt. Eru þau lögð fram í rannsókn málsins.

II.

Kærður Karl Guðmundsson er afgreiðslumaður stöðvarinnar og hefir verið síðan í haust. Hann hefir viðurkennt að hafa oftsinnis verið beðinn að útvega áfengi bæði í gegnum síma og eins snúi menn sér persónulega til stöðvarinnar í slíkum erindum. Hann hefir haldið því fram, að hann héldi öllum slíkum beiðnum til bifreiðastjóra stöðvarinnar, en hefir neitað því að hafa nokkru sinni sjálfur selt áfengi eða stuðlað að útvegum þess á annan hátt.

Allmörg af samtölum þeim, er tekin hafa verið upp, eru átt við kærðan, og lofar hann þar jafnan að senda áfengi það, sem um er beðið, eða útvega það.

Í máli kærðs hafa verið leidd nokkur vitni og skal vitnisburður þeirra nú rakinn.

Vitnið Gústaf Jóhann Kristjánsson hefir viðurkennt að hafa pantað áfengi hjá kærðum á páskadaginn. Kveðst vitnið hafa spurt kærðan, hvort hann ætti áfengi, og hafi kærður svarað því svo, að það væri farið að minnka, en þó gæti hann látið vitnið hafa eina brennivinsflösku. Á fengið var síðan sent heim til vitnisins. Ekki hefir orðið upplýst, hver með það fór. Borgaði vitnið aksturinn strax og greiddi kærðum síðan andvirði flöskunnar með kr. 7.

Vitnið Ágúst Liljequist Lárusson hefir borið það að hafa hvað eftir annað keypt áfengi af kærðum. Kveðst vitnið venjulega hringja til kærðs og biðja hann að senda sér áfengið og séu þá hinir eða aðrir sendir með það til sín. En um áfengiskaupin kveðst vitnið einungis hafa samið við kærðan og skoðað hann sem seljanda þess og stundum fengið gjaldfrest á andvirðinu og þá gert það upp við kærðan síðar.

Þá hefir vitnið Ólafur Þorgrímsson borið það að hafa hringt á Bæjarbilstöðina og beðið Sigurð Kristin Ólafsson, bifreiðarstjóra þar, að útvega sér einn whiskypela og færa sér. Kristinn lofaði að reyna það og kom skömmu síðar með pelann. Vitnið vantaði þá upp á andvirðið og hringdi því til kærðs og bað hann að eiga það hjá sér, en kærður neitaði því, og fór Kristinn því aftur við svo búið án þess að af kaupum yrði.

Sigurður Kristinn hefir staðfest þenna framburð vitn-

isins. Hann kveðst hafa tjáð kærðum þessa beiðni vitnisins og fékk hann honum þá whiskypela til þess að fara með til vitnisins. Um verð var ekki talað, en hann kveðst hafa gengið út frá því, að hann ætti að kosta kr. 10. — Þegar hann kom til vitnisins, reyndist það ekki hafa meira en kr. 5 — og fór fram á að fá afganginn lánaðan og hringdi til kærðs um það, en kærður neitaði þá að verða við því og varð því ekki úr kaupunum.

Sigurður Kristinn hefir ennfremur borið, að hann hafi farið með pakka og flöskur fyrir kærðan til Ágústs L. Lárussonar. Ennfremur hefir hann borið, að í tvö skipti ekki alls fyrir löngu hafi hann farið með áfengi frá kærðum til Sverris Briem. Hefir Sverrir og skýrt svo frá, að hann hafi stundum hringt á stöðina og pantað þaðan áfengi og kveðst þá stundum hafa átt tal um það við kærðan. Hefir Sigurður Kristinn borið það, að í hvorugt skiptið hafi hann tekið peninga hjá Sverri fyrir áfengið, heldur aðeins fært honum það fyrir kærðan. Áfengið afhenti kærður Kristni á stöðinni, en ekki taldi hann sig vita, hvort kærður geymdi ella áfengi á stöðinni eða ekki.

Kærður hefir haldið fast við fyrrgreindan framburð sinn, að afskipti sín af áfengisútvegnum stöðvarinnar væru þau ein að afgreiða beiðnirnar til bifreiðastjóranna. Hann hefir viðurkennt það, að hafa orðið við beiðni vitnisins Gústafs Kristjánssonar og hafa látið fara með áfengi heim til hans og tekið síðar við greiðslu fyrir það, en enga grein gjört fyrir því, hvernig hann hafi útvegað það eða hvern fengið til að fara með það til vitnisins. Hann hefir og viðurkennt að hafa stundum útvegað Ágúst Lárusyni áfengi, en ávallt með sama hætti og áður er frá skýrt, þannig að fá einhvern bifreiðastjóranna til að útvega það, en þó kveðst hann stundum hafa lagt út fé fyrir því frá sjálfum sér í bráðina. Hann hefir aftur á móti neitað að hafa sent áfengi með Sigurði Kristni, hvorki til Ólafs Þorgrímssonar né Sverris Briem né að hafa nokkru sinni áfengi hjá sér til sölu.

Þrátt fyrir þessa neitun kærðs, þykir nægilega sannað með framangreindum gögnum, að hann hafi gjörzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. mgr. áfengislaga nr. 33. 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, sem greiðist innan mánaðar frá lögbirt-

ingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

III.

Kærður Guðmundur Skúli Björnsson er bifreiðarstjóri við Bæjarbilstöðina. Hafa verið tekin upp 3 símtöl, er menn hafa átt við hann viðvikjandi áfengiskaupunum, og eru þau lögð fram í málinu. Lofaði kærður í öll skiptin að útvega áfengið.

Tvö af þessum símtölum hefir kærður neitað að hafa átt, en eitt kveður hann hafa verið átt við sig af samverkamanni sínum á stöðinni í gamni undir nafni annars manns og hafi engin áfengissala átt sér stað út af því.

Hinir tveir viðtalendur kærðs sögðu ekki svo greinilega til sín, að með vissu yrði ráðið, hverjir það væru, svo þeir yrðu leiddir sem vitni í málinu. Annað þeirra símtala er frá því 10. apríl kl. 3,36, og átti kærður það við mann, að nafni Sverri. Þegar kærður er látinn gera grein fyrir, hver það sé, kveðst hann þekkja Sverri Briem, verzlunarmann, og var hann þá leiddur sem vitni í málinu.

Vitnið bar það þegar, að það hefði nokkrum sinnum fengið áfengi hjá kærðum og tilnefndi sérstaklega tvö skipti, föstudaginn langa og laugardaginn næstan á eftir. Kveðst vitnið hafa hringt á kærðan í bæði skiptin og fengið hann til að færa sér whiskypela. Í annað skiptið tók vitnið sjálft við áfenginu af kærðum, en í hitt skiptið var annar viðstaddur. Í annað skiptið fékk vitnið áfengið lánað, en í hitt skiptið borgaði það það. Síðar leiðrétti vitnið þennan framburð sinn og kvað þetta þá ekki hafa getað verið á föstudaginn langa, því þá var það í burtu úr bænum. Þá hefir vitnið heldur ekki getað munað, um hvaða leyti sólarhrings þetta hafi verið. Þennan framburð sinn hefir vitnið staðfest með eiði.

Kærður hefir með öllu þrætt fyrir að hafa selt áfengi og sérstaklega neitað áfengissölu til vitnisins. Hann hefir og talið sér með öllu ókunnugt um, að nokkur vinsala eða vinútréttingar færu fram frá bifreiðastöðinni.

Þrátt fyrir þessa neitun kærðs þykir með hliðsjón af símtölum þeim, er tekin hafa verið upp í síma bifreiðastöðvarinnar, og framburði meðkærðs Karls Guðmundssonar löglega sannað með þessum framburði vitnisins, að kærður hafi gjörzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. mgr.

áfengislaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Af kostnaði sakarinnar greiði kærður Karl Guðmundsson málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm., þykir (sic) hæfilega ákveðin kr. 35. Kærður Guðm. Skúli Björnsson greiði talsmanni sínum, hrm. Garðari Þorsteinssyni, málsvarnarlaun, kr. 35. -- Annan kostnað sakarinnar greiði kærðir in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1937.

Nr. 84/1936. **Magnús Th. S. Blöndahl h/f**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Arinbirni Steindórssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur til að greiða innheimtulaun samkvæmt lágmarkstaxta málflutningsmannafélags Íslands af skuld, sem málfærslumaður hafði innheimt hjá honum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1936: Stefnður, Magnús Th. S. Blöndal h/f., greiði stefnandanum, Arinbirni Steindórssyni, kr. 138.50 með 6% ársvöxtum frá 31. janúar 1936 til greiðsludags og kr. 74.60 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 11. júní f. á., og gert þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og stefndur dæmdur til að greiða honum máls-